



HRUNAMANNAREPPUR

20. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 1. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 9. JANÚAR 2020

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2020, þann 9. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Samþykkt að bæta umsögn um drög að frumvarpi um Hálendisþjóðgarð undir lið 16.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Samþykktir Hrunamannahrepps: Breytingar.**

Oddviti kynnti breytingar sem gera þarf á samþykktum Hrunamannahrepps vegna reglugerðarbreytinga um framsal á valdi til annars aðila innan stjórnáætlun sveitarfélagsins um matskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili. Sveitarstjórn vísar málinu til seinni umræðu í sveitarstjórn og umræðu í skipulagsnefnd.
- 2. Innkaupastefna og innkaupareglur Hrunamannahrepps.**

Oddviti kynnti drög að innkaupastefnu og endurskoðun á innkaupareglum fyrir Hrunamannahrepp. Sveitarstjórn samþykkir innkaupastefnu með áorðnum breytingum og innkaupareglur fyrir Hrunamannahrepp sem taka gildi frá og 9. janúar 2020.
- 3. Hrunaljós: Lagning ljósleiðara á Flúðum.**

Oddviti fór yfir stöðuna varðandi ljósleiðaravæðingu í þéttbýlinu á Flúðum og þá gagnaöflun sem fram hefur farið frá síðasta fundi. Búið er að kostnaðarmeta verkefnið og einnig liggja fyrir breytingar sem þyrfti að gera á fjárhagsáætlun Hrunaljóss fyrir árið 2020, fjármögnun verkefnisins og áhrif á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að Hrunaljós þurfi að taka 16 millj. kr. lán vegna framkvæmdanna en framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á samstæðu Hrunamannahrepps þannig að hagnaður hækki úr kr. 49 millj. í 49, 4 millj. Þá liggja fyrir drög að breytingum á gjaldskrá Hrunaljóss en þar er gert ráð fyrir að tengigjald í þéttbýlinu verði kr. 32.000 + VSK. Veitustjórn hefur tekið málið fyrir og samþykkt að fara í verkefnið að því gefnu að helmingur fasteigna taki þátt og jafnframt samþykkt tillögu að gjaldskrárbreytingu.

Sveitarstjórn samþykkir að fara í verkefnið að því gefnu að helmingsþátttaka náist. Þá samþykkir sveitarstjórn breytingu á gjaldskrá Hrunaljóss, breytingar á fjárhagsáætlun Hrunaljóss og viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2020 eins og hún liggur fyrir.
- 4. Sameiningarmál.**

Oddviti kynnti bókun bæjarráðs Árborgar frá 19. desember s.l. og fór yfir samskipti sem hafa verið milli sveitarfélaga með íbúa undir 1000 íbúum. Sveitarstjórn hvarf að undirtektir hafi ekki verið meiri við erindi Árborgar hjá öðrum sveitarfélögum í sýslunni. Oddviti og sveitarstjóra falið að ræða málið frekar við Árborg og einnig við nágrannasveitarfélögin.
- 5. SASS: Upplýsingaöflun í tengslum við afleiðingar óveðurs.**

Oddviti kynnti beiðni frá SASS um upplýsingar fyrir átakshóp ríkisstjórnarinnar um afleiðingar óveðursins sem geysaði í síðasta mánuði. Lögð voru fram svör við beiðninni.
- 6. Byggðarsafn Árnesinga: Lántaka hjá LS.**

Oddviti kynnti lántöku frá LS að fjárhæð kr. 120 millj. sem Byggðasafn Árnesinga þarf að taka vegna fasteignarkaupna.

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku stofnunar Héraðsnefndar Árnesinga, Byggðasafni Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 120.000.000 kr. til allt að 15 ára.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Byggðasafni Árnesinga.

Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ljúka framkvæmdum á fasteigninni Búðarstígur 22 sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Byggðasafns Árnesinga til að breyta ekki ákvæði samþykkta stofnunar sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Byggðasafni Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

7. **Aflið: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti beiðni Afls um rekstrarstyrk við starf þeirra. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. **Fjallaskálar: Leigusamingur.**

Oddviti kynnti leigusamning um fjóra fjallaskála á afrétti Hrunamanna við Riding Tours South Iceland ehf í Syðra-Langholti. Samningurinn er til tveggja ára. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

9. **Ásabyggð 7: Forkaupsréttur**

Oddviti kynnti kynnti beiðni frá sameiganda Ásabyggðar 7 þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 7, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar vegna kaupa eignarhluta sameiganda. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 7, í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-2981 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

10. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi í Auðsholti 2.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar á rekstrarleyfi til gistingar í flokki II í Auðsholti 2. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni fyrir sitt leyti enda er reksturinn í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Bjarney víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

11. **Reglur um notkun á Hreppsbílnum.**

Oddviti kynnti reglur um notkun á fjölsætabíl áhaldahúss sem kallast Hreppsbíllinn. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

12. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að hringtorg á Flúðum komi inn í samgönguáætlun 2020-2024 og aukið verði fé í tengivegapott Vegagerðarinnar til að hægt sé að fara í framkvæmdir á Hrunavegi að lágmarki upp að Hrunakirkju sem allra fyrst.

14. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Sveitarstjórn vísar málinu til Skólalþjónustu- og velferðarnefndar og öldungaráðs til umfjöllunar.

15. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Drög að frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga. Samráðsgátt.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um drög að frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga.

16. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Drög að frumvörpum til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða og Hálandisþjóðgarð. Samráðsgátt.

Oddviti kynnti að í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt, þann 18. desember s.l. drög að tveimur stjórnarfrumvörpum. Annars vegar frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða og hins vegar frumvarp til laga um hálandisþjóðgarð.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps vill ítreka fyrri bókanir um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun að nýta eigi þær stofnanir sem fyrir eru til að sinna verkefninu og nýta þannig fjármagnið betur.

Þá tekur sveitarstjórn einnig undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða en bendir sérstaklega á það sé fullkomlega óásættanlegt að í 30. gr. frumvarps um þjóðgarðastofnun sé gert ráð fyrir að allar leyfisveitingar eigi að flytjast til þjóðgarðastofnunar og ákvörðun um ráðstöfunar endurgjalds réttinda í þjóðlendum.

Þá þarf að tryggja að ekki sé gengið á skipulagsvald sveitarfélaganna og tryggja þarf að það haldist heima í héraði. Sveitarstjórn mótmælir því að stofnunin fái heimild skv. 9. gr. að fengnu leyfi ráðherra, til að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðun án samþykkis og samráðs við viðkomandi sveitarfélög.

Í frumvarpi til laga um hálandisþjóðgarð koma fram markmið sem eru mjög góð og hefur sveitafélagið unnið að þessum markmiðum alla tíð varðandi landsvæði innan síns sveitarfélags, eins og t.d. má sjá í aðalskipulagi sveitarfélagsins og vinnu við friðlýsingu Kerlingarfjalla.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps ítrekar það að stofnun þjóðgarðs á hálandi Íslands eigi að koma sem eðlilegt framhald af sameiginlegri vinnu sveitarfélaga á svæðinu og ríkisins en ekki lögþvinguð aðgerð. Forgangsmál er að tryggja að nægum fjármunum verði varið til að sinna hálandinu svo sómi sé að. Mikilvægt er að flýta sér hægt, skapa breiðari sátt og vinna málið betur í samvinnu við sveitarfélög og hagaðila.

D-listi vill einnig taka undir bókun hreppsnefndar Ásahrepps þann 8. janúar s.l um frumvörpin og gagnrýnir störf undirbúningsaðila og finnst miður að ekki hafi verið haft meira samráð og tekið meira tillit til athugasemda sveitarfélaga. Þá vill listinn benda á að efla þurfi hagsmunagæslu sveitarfélaganna og beinir því til SASS hvort ekki þurfi að gera sérstakar ráðstafanir með því t.d. að ráða öflugan talsmann sveitarfélaganna í málinu.

17. Vegagerðin: Vetrarþjónusta á Langholts- og Skeiða- og Hrunamannavegi.

Oddviti kynnti þá vetrarþjónustu sem Vegagerðin hefur skilgreint á Langholts- og Skeiða- og Hrunamannavegi. Skv. þeirri skilgreiningu á að veita vetrarþjónustu á þessum vegum á mánudögum og föstudögum auk þess sem heimilt er að beita helmingarskiptareglu milli Hrunamannahrepps og Vegagerðarinnar einn dag að auki í viku. Miðað við reynslu síðustu mánaða er þessari vetrarþjónstu lítið sinnt og sérstaklega hafa þessir vegir ekki verið hálkvarðir í samræmi við þjónustuskylduna sem er afar áriðandi til að koma í veg fyrir slyshættu. Sveitarstjórn krefst þess að vetrarþjónstu verði sinnt þegar þess er þörf á þessum vegum í samræmi við skilgreiningu Vegagerðarinnar þannig að sérstaklega verði hugað að hálkuvörnum á þeim dögum sem tilgreindir eru.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 12. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar nefndarinnar. Þar var m.a. ályktað um nýjan opunartíma sundlaugar og lögð fram drög að bréfi til íþrótt- og æskulýðsfélaga gegn kynferðislegu áreiti og ofbeldi. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að útfæra endanlega útgáfu af bréfinu í samráði við nefndina til útsendingar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

19. Umhverfisnefnd: Fundargerð frá 19. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 9. Fundar nefndarinnar. Á fundinn mætti nýr starfsmaður umhverfismála og fór yfir málin og verkefni. Þá var rætt um opunartíma gámasvæðisins á Flúðum og lagt til að hann verði mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga frá kl. 13:00-18:00 og taki gildi frá og

með 20. janúar n.k. Þá kom fram að hreinsunaráttak Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verði framhaldið á árinu 2020.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að opnunartíma gámasvæðisins að Flúðum en bendir á að í neyðartilvikum sé hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um neyðaropnanir. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

20. Veitustjórn: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar frá 6. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar veitustjórnar frá 6. janúar s.l. Farið var yfir ljósleiðaravæðingu Flúða, breytingar á gjaldskrá Hrunaljóss, stöðu jarðhitakerfa á Flúðum og Kópvatnsholuna. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

21. Fundargerð 188. fundar skipulagsnefndar frá 12. desember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 188. fundar skipulagsnefndar frá 12. desember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 10: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember s.l.

22. Fundargerð 189. fundar skipulagsnefndar frá 8. janúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 189. fundar skipulagsnefndar frá 8. janúar og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. desember.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr.6: Reykjaból lóð 20. Umsókn um byggingarleyfi.

Lögð var fram í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 18. desember s.l. umsókn Gunnars Arnars Harðarssonar, dags. 07.11.2019, um byggingarleyfi til að byggja við sumarbústað og gera breytingar á innra fyrirkomulagi ásamt byggingu skúrs á sumarbústaðalandinu Reykjaból, lóð 20 (L167018) í Hrunamannahreppi. Málinu vísað til skipulagsnefndar þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr.7: Hesthús í Kerlingarfjöllum. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga skipulagsfulltrúa UTU um að deiliskipulagsbreyting sem legið hefur fyrir vegna lóðar í kringum hesthús í Kerlingarfjöllum verði dregin til baka og málið fái skilgreiningu sem „stofnun lóðar“ á svæðinu til samræmis við umræður sem forsvarsmenn Hrunamannahrepps og skipulagsfulltrúi áttu með lögfræðingi Forsætisráðuneytis 26. nóvember 2019.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki að ofangreind deiliskipulagsbreyting verði felld niður og málið fái skilgreiningu sem „stofnun nýrrar lóðar“

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að ofangreind deiliskipulagsbreyting verði felld niður og málið fái skilgreiningu sem „stofnun nýrrar lóðar“.

Mál nr.11: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. desember s.l

23. UTU bs: Fundargerð stjórnar frá 12. desember s.l.

Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð stjórnar UTU bs. frá 12. desember s.l. Þar var fjallað um ráðningu skrifstofustjóra. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

24. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 36. fundar frá 18. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 36. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál og farið yfir stöðu og helstu verkefna og starfsmannahald. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Bergrisinn bs.: Fundargerð stjórnar frá 28. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 24. október s.l.**
Lagt fram til kynningar
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 201. fundar stjórnar frá 17. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar
- d. SASS: Fundargerð 551. fundar stjórnar frá 29. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 876. fundar stjórnar frá 29. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 877. fundar stjórnar frá 13. desember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Landgræðslan: Seyrudreifing á Hrunamannafrétti.**
Lagt fram til kynningar.
- h. UTU bs.: Efra-Langholt, stækkun frístundasvæðis.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- i. Hálendisþjóðgarður á Hvolsvelli 9. janúar n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Jafnréttisþing haldið í Hörpu 20. febrúar n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00.